

Fyrsti félagsráðgjafi á Reykjalundi

og þar með innan endurhæfingar á Íslandi

*Þórey Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi,
senior-þrestur, emeritus, sáttamaður, handleidari
og fjölskylduráðgjafi*



Þórey
Guðmundsdóttir

Það er sumar, árið er 1976. Veðrið er dásamlegt. Yfirlæknirinn á Reykjalundi hafði verið í sambandi við mig nokkrum sinnum og beðið mig að hitta sig. Raunar spurt hvort ég vildi koma í vinnu sem forstöðufélagsráðgjafi. Hér er ég nú komin. Andrúmsloftið er spennandi, hlaðið fornum baráttuanda

SÍBS, nútíðaranda starfa fyrir fatlaða, nokkuð markað af LEGO og verksmiðjurekstri og framfaraanda framtíðarinnar. Mér finnst ég vera komin í hið fyrirheitna land ungs félagsráðgjafa með ótal tækifærum til að nýta kunnáttu sína og getu skjólstæðingum til bata og framfara.

Ég þáði tilboð yfirlæknis og forstjóra um atvinnu og hóf störf í lok sumars. Mér var fylgt inn á nokkuð stóra skrifstofu, í Lengjunni. Afburðaaðstaða. Ég man augnablikið þegar yfirmennirnir voru farnir út og ég settist við skrifborðið og hugsaði: Hvað er fram undan nú? Óþlæggður akur óteljandi möguleika fyrir væntanlega skjólstæðinga mína. Þarna þakkaði ég fyrir snilld og kennslu Lillian Bye, rektors míns í Þrándheimi, en hún hafði verið nemandi Bertu Reynolds í Bandaríkjunum. Reykjalundur var eina endurhæfingarsjúkrahúsið á Íslandi þegar þetta var, Grensásdeildin hóf störf skömmu síðar.

Hvað er félagsráðgjafi?

Verkefnið komu eitt af öðru. Spurningunni „Hvað er félagsráðgjafi?“ þurfti nokkuð oft að svara. Hvernig myndir þú, lesandi minn, svara þeirri spurningu í dag?

Ég rann inn í ríkjandi kerfi og starfsumhverfi, var á öllum læknafundum, með þeim skyldum og réttindum sem því fylgdu. Lærði heil ósköp til viðbótar á þessum fundum. Í fyrstu var ég með læknum á stofugangi,

sem þá var, en hætti því fljótt, tók þess í stað upp þá starfsaðferð að félagsráðgjafi tæki einkaviðtöl við alla nýinnritaða. Þá var útskrifað og innritað á föstudögum, þriðjudagar voru viðtaladagar hjá félagsráðgjafa. Eftir á að hyggja var þetta fyrirkomulag mjög gott því að þannig gat ég metið hverjir hefðu þörf fyrir félagsráðgjafabjónustu og hverjir ekki. Ég lagði mikið upp úr því að hafa skjólstæðingana með í allri vinnu varðandi þeirra líf, að svo miklu leyti sem mögulegt var. Ég hef alltaf litið á það sem grundvallaratriði í félagsráðgjafabjónustu, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, konur eða karla. Það hefur sýnt sig að vera mikil sjálfsefning fyrir skjólstæðinga.

Nokkur umræða var um það hvort ég gæti ekki gert almenna félagslega endurhæfingarátætlun, sem gildi fyrir alla. Það þótti mér óvinnandi vegur, reyndi það ekki einu sinni, og er ánægð með það í seinni tíð. Á langri ævi hef ég oft hugsað um það í hvaða ógöngur ég hefði komið mér og skjólstæðingunum ef ég hefði staðið í slíkum tilraunum. Hugsanlega álíka og „skóli án aðgreiningar“ hefur reynst?

Veistu nokkuð hvað þú ert að gera?

Ég sat samstarfsfundi fyrir alla yfirmenn á deildum Reykjalundar. Mér telst til að deildirnar hafi verið sex eða sjö: Plaströradeild (úti í verksmiðju í daglegu tali), LEGO-framleiðslan, rekstrardeild (skrifstofan), sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun, hjúkrun, læknar og svo ég, ef deild skyldi kalla. Þessir fundir voru vissulega misgagnlegir, sumir hreinasta afbragð, aðrir tímaeyðsla. Hvað varðaði samstarfsanda á stofnuninni voru þeir þó mjög gagnlegir.

Um 150 pláss voru á Reykjalundi. Sumir voru í fastri búsetu, sumir í langtímaendurhæfingu, aðrir styttri. Sjúklingar dreifðust nokkuð jafnt á geðsvið, hjartasvið, líkamlega skaðaða og krabbameinssvið (engin líknardeild var á Íslandi þá). Ég varð fljótt mjög ákveðin í því að láta ekki læknisfræðilegar greiningar binda

hendur mínar í aðstoð við sjúklinga. Væntingar samstarfsfólks til félagsráðgjafans voru oft þær að ég kæmi fram við fólk með mismunandi hætti eftir greiningum. Eitt sinn setti ég saman hóp fólks sem ræddi innbyrðis mismunandi stöðu sína og framkomu annarra við þau eftir því hvaða greiningu þau höfðu fengið. Þetta þótti sumum samstarfsstéttum arfavitlaus hugmynd hjá félagsráðgjafanum. Setningarnar: „Veistu nokkuð hvað þú ert að gera? Viltu ekki bara vera heima hjá þér, vinan?“ eru náttúrlega ógleymanlegar. Ég kaus strax að mæta svona „gagnrýni“ með kímni og gríni. Það var mér heilladrjúgt, hugsanlega starfsgrein minni líka þegar til lengdar lét. Þannig sneri ég gagnrýninni við, þó með óbeinum hætti væri. Ég finn það nú að oft þurfti ég að vera á varðbergi til að halda ætíð og sem best faglegri framkomu, láta ekki hinar ýmsu athugasemdir hafa áhrif, hvorki á gerðir né eigið tilfinningalíf, en hólíð og hrósið hlýjaði mér um hjartaræturnar.

Í tengslum við starfið á Reykjalundi var ég beðin að kenna samskiptavísindi við læknadeild Háskóla Íslands nokkra vetur. Það var ögrandi en ákaflega gefandi verkefni. Mesta athygli nemanna vakti munurinn á opnu og lokuðu spurningaferli, svo og sú staðreynd að allt sem þú segir opinberar þinn eigin innri persónuleika en segir ekkert um þann/þá sem þú talar um eða við. Ekki síst vakti það mikla athygli og umræður meðal stúdentanna að það væri sama *hvað* þú segðir, öllu máli skipti *hvernig* þú segðir það.

Allir læknastúdentar störfuðu um tíma á Reykjalundi, sem eins og áður segir var eini endurhæfingarspítali landsins. Ég var beðin að veita þeim eins konar handleiðslu varðandi félagsráðgjöf, sem ég gerði. Það voru skemmtileg samskipti og oft svo að mörgum þótti nóg um. Gálghúmor, hlátur og brandarar.

Verktökufélagsráðgjafi

Einnig var ég beðin að starfa hjá Mosfellsbæ í verktöku (fyrsti félagsráðgjafinn þar), sem ég gerði. Ég skil svo sem ekki nú hvernig ég gat sinnt öllum þeim verkefnum sem ég var beðin að leysa á þessum árum.

Á Reykjalundi var um þessar mundir nær fullbúið nýtt barnaheimili í innsta húsinu við Neðribraut. Það skyldi þjóna starfsfólki og börnum þess. Félagsráðgjafinn nýi var skipaður formaður barnaheimilisnefndar, sem gekk vel, en það var mest forstöðukonunni að þakka, sem kunnir sitt fag. Mikið var um einelti í skólum í Mosfellsbæ á þessum árum en aldrei vottaði fyrir neinu slíku á barnaheimilinu á Reykjalundi. Við vorum alltaf með varann á. Mörg „Reykjalundarbörnin“ lentu hins vegar illa í því er í grunnskólann kom, en það er önnur saga.

Þau mál rötuðu inn á borð verktökufélagsráðgjafans hjá bænum, sama manneskja, annar hattur, aðrar aðstæður, annað samstarfsfólk. Það tókst þó með samvinnu við Menntamálaráðuneytið (skólamál heyrðu undir það þá) að hreinsa til, en nýr skólastjóri og við sem í málinu stóðum máttum jafnvel sæta morðhótunum og öðru þvílíku. Ég velti því fyrir mér hvort eitthvað hafi breyst til batnaðar í ofbeldismálum á Íslandi síðan þetta var.

Líður að lokum.

Ég lauk störfum sem forstöðufélagsráðgjafi á Reykjalundi haustið 1983. Það var með trega. Persónulegar aðstæður mínar höfðu breyst með þeim hætti að ég varð að flytja til útlanda. Það vakti ljúfsára tilfinningu þegar skrifstofustjórinn kom heim til mín, settist við eldhúsbordíð með kaffibolla og gerði tilraun til að fá mig ofan af því að fara utan. Sömuleiðis komst ég við þegar forstjóri og sami skrifstofustjóri kölluðu mig á fund í sama tilgangi. En persónulegu aðstæðurnar leyfðu það ekki. Ég hafði fengið starf við félagsmálastofnun og sálfræðideild skóla í Finnsnesi í Tromsfylki í Norður-Noregi. En vissulega velti ég því stundum fyrir mér hvernig líf mitt hefði orðið ef ég hefði ekki farið.

Það má merkilegt heita að blóm sem ég fékk að gjöf fyrir vel unnið verk (sennilega árið 1980) skuli vera á lífi enn í dag. Þökk sé eftirmönnum mínum sem hafa hlúð að því og varðveitt söguna. Þau sem gegnt hafa starfi forstöðufélagsráðgjafa á eftir mér eru Magnús Pálsson, en hann sá um blómið í alls 38 ár eða árin 1983–2021. Sveindís Anna Jóhannsdóttir tók við af honum og nærði blómið árin 2021–2023 en þá tók Nadía Borisdóttir við og hefur tryggt blóminu áframhaldandi umhyggju. Þetta er hið eina sanna félagsráðgjafarblóm og er orðið um 44 ára gamalt.

Þegar ég var beðin að skrifa þessa grein ruddust minningarnar fram, nánast eins og velkomið flóð í fallegri á að vori. Einn og einn beittur klaki inni á milli, moldarbrúnt á stundum, en einhvern veginn varð vatnið alltaf tært að lokum. Það var erfitt að velja punkta í þessa grein. Ég velti því fyrir mér hvort þessi sjö ár væru bókar virði en það er sennilega of seint. Kæri lesandi, ef þú hefur haldið út að pæla í gegnum þessi skrif mín alla leið hingað, takk fyrir.

